



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

FLÓRGODINN

VÍKT SKÓLAÁR
TJÓRI

Ágætu nemendur, foreldrar, kennarar og aðrir starfsmenn Áslandsskóla

Við skulum byrja á því að kveikja á kertunum fjórum sem tákna hornstoðir skólans.

Ég kveiki á kerti fyrir allar dygðir

Ég kveiki á kerti fyrir hnattrænan skilning

Ég kveiki á kerti fyrir þjónustu við samfélagið

Ég kveiki á kerti fyrir að gera allt framúrskarandi vel

Nú er Áslandsskóli í sparifötunum. Skólaslit að vori er ávallt skemmtilegur tími, þar sem litið er um öxl og hugur leitar yfir afrakstur skólaársins.

Þriðja starfsár Áslandsskóla var í senn ánægjulegt og árangursríkt. Verulegar breytingar urðu á starfsliði skólans fyrir þetta skólaár og þannig hafa nýir starfsmenn verið að kynna nýjum nemendum og nýjar og ferskar hugmyndir orðið að veruleika.

Nú stunda um 330 nemendur nám við Áslandsskóla og fer þeim hratt fjölgandi. Ljóst er að í haust þegar við komum aftur til starfa verða nemendur yfir 400 talsins. Nýir nemendur í 1. bekk ásamt nýjum nemendum í flesta árganga bætast þá í hópinn, og mikilvægt að við tökum vel á móti þeim. Þannig verða yfir 60 nemendur í 1. bekk skólans næsta ár sem er hæsti nemendafjöldi í 1. bekk í Hafnarfirði á næsta skólaári. Framtíðarskipulag skólamála í Áslandi og á Völlum er nú til umræðu í nefnd og miðar starfi hennar vel. Lífsleikni er áberandi í skólastarfi skólans okkar. Við verjum fleiri kennslustundum í stofu og á sal til umfjöllunar um dygðir, siði, venjur og hefðir en alla jafna er gert í grunnskólum á Íslandi. Því munum við halda áfram á næsta skólaári, þróa enn frekar og auka kennslustundir í lífsleikni úr 1,5 stund í 2 stundir á viku.

Því langar mig að brýna fyrir ykkur nokkur mikilvæg gildi.

Við skulum öll leggja okkur fram um að bera virðingu fyrir viðhorfum og skoðunum annarra. Að vera umburðarlynd gagnvart samferðarfólki sem á vegi okkar verður og sýna æðruleysi gagnvart því sem við ráðum ekki við. Það er einnig mikilvægt að hlusta á sjónarmið annarra, þó að við séum ekki alltaf sammála, og gefa gaum að mismunandi sjónarhornum allra mála.

Við ættum að umgangast alla þá er á vegi okkar verða af sömu alúð og við viljum að okkar sé sýnd – þannig berum við virðingu fyrir sjálfum okkur sem öðrum. Það er til að mynda ekkert það starf svo ómerkilegt að það eigi ekki skilið að vera leyst af hendi af fyllstu alúð og samviskusemi, með öðrum orðum, framúrskarandi vel.

Við skulum vera trú yfir því sem okkur er treyst fyrir, í stóru sem smáu. Öll erum við einstök og öll eigum við rétt á því að vera eins og við erum. Því ber okkur að virða einstaklinginn eins og hann er og virða hann sem slíkan.

Það er erfitt að vera ungur þjóðfélagsþegn í veröld þar sem öll gildi eru í raun upp í loft. Við vitum ekki í dag hvernig veröldin mun líta út á morgun. Enginn veit hvað morgundagurinn ber í skauti sér. Því er mikilvægt að við komum fram við aðra eins og við viljum að komið sé fram við okkur sjálf, eins og skólaheitið okkar segir.

Á skólaárinu var margt til gagns og gamans gert. Menningarhátíð, upplestrarkeppni, fyrsta árshátíð unglíngadeildar, margar frábærar morgunstundir í deildum sem og sameiginlegar hér á sal skólans, háttvísasti bekkurinn útnefndur svo fátt eitt sé nefnt.

Gaman var að sjá allan þann fjölda gesta sem sótti okkur heim á menningardögum og þar sýndum við sönnuðum, með ykkur nemendur góðir í fararbroddi, að í Áslandsskóla eru frábærir nemendur sem margt er til lista lagt. Samvinna nemenda við uppsetningu og rekstur kaffihúss þar sem fullt var út úr dyrum alla hátíðardaga sýnir að ef við leggjum metnað okkar og

vilja í verkin, sýnum samstöðu og samhug er ýmislegt framkvæmanlegt.

Samstarf heimila og skólans hefur frá fyrstu tíð verið ánægjulegt. Nokkur endurnýjun varð á þeim hópi sem leitt hefur það starf á aðalfundi foreldrafélagsins á dögnum. Kann ég þeim sem láta af stjórnunarstörfum í foreldrafélagi og foreldraráði bestu þakkar fyrir þeirra þátt í að skapa góðan skóla um leið og ég hlakka til að vinna með þeim sem bætast í hópinn.

Hér á eftir mun hver heimur ganga með sínum umsjónarkennara í heimastofu. Þar verður vitnisburður skólaársins afhentur hverjum og einum. Megintilgangur vitnisburðar eða einkunna er að afla upplýsinga sem hjálpa nemendum við námið, örva þá og hvetja til að leggja sig enn frekar fram. Menn uppskera eins og þeir sá. Þannig er alveg ljóst að þeir sem setja ekki niður útsæði geta ekki komið að hausti og tekið upp kartöflur.

Ég vona að sá vitnisburður sem þið fáið í hendur á eftir verði ykkur hvatning til enn betri ástundunar, ykkur og skólanum ykkar til heilla.

Kæru nemendur

Um leið og ég þakka ykkur fyrir ánægjulegt samstarf í vetur óska ég ykkur og fjölskyldum ykkar gleðilegs sumars. Ég hlakka til að sjá ykkur öll geislandi af námsáhuga og gleði við skólaásetningu í ágúst.

Einhverjar breytingar verða á hópi kennara og annarra starfsmanna, og vil ég þakka þeim sem láta af störfum fyrir þeirra óeigingjarna framlag til skólastarfsins í Áslandsskóla.

Að lokum rísum við öll úr sætum og förum saman með skólaheiti Áslandsskóla:

Ég heiti því að koma fram við aðra eins og ég vil að aðrir komi fram við mig.

Ég vil leggja mig fram um að bera virðingu fyrir sjálfum mér og öðrum.